



EYSTEINN ORRI, JAKOB YONG OG SARA PATRICIE Í SUMARGRILLI



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Fréttabréf Íslenkrar ættleiðingar

Starfsfólk félagsins hefur á ný útgáfu á fréttabréfi til upplýsingar handa félagsmönnum. Markmiðið með fréttabréfinu er að félagsmenn fái reglulega upplýsingar um það helsta sem er á döfinni hjá félaginu, fræðslu sem stendur til boða og fréttir frá löndunum sem félagið er í samstarfi við.

Stefnt er að því að gefa fréttabréfið út mánaðarlega.

Auka aðalfundur

Auka aðalfundur var haldinn þann 15. september 2016, klukkan 20:00.

Fyrir fundinum lá að kjósa tvo fulltrúa í stjórn. Tvö framboð bárust að þessu sinni frá Ara Þór Guðmannsýni og Sigurði Halldóri Jessyni. Þeir voru því sjálfkjörni.

Ekki var annað á dagskrá fundarins og var honum slitið eftir að þeim var klappað lof í lófa. Nú er stjórn félagsins fullskipuð og er mikil tillökkun innan stjórnarinnar að takast á við komandi vetur.

Fræðsla - Birth country as a totem

Prófessor Akira Deguchi heimsótti Ísland í ágúst, en hann hefur rannsakað ættleiðingar á milli landa síðan árið 2000. Hann hefur unnið að langtímarannsókn á ættleiddum

börnum frá Kóreu til Svíþjóðar. Formaður Nordic Adoption Concil bað Íslenka ættleiðingu um að kynna Íslenka ættleiðingarmódelið fyrir prófessor Akira og aðstoða hann við að hitta fjölskyldur sem hafa ættleitt fleiri en eitt barn.

Prófessor Akira heimsótti Kristjönu og Atla og fræddist um ættleiðingarferli þeirra hjóna, en þau hafa ættleitt tvisvar frá Kólumbíu. Systurnar Katrín Rut og Freydis María tóku vel á móti honum og sýndu honum hvernig íslensk börn eru í leik og starfi.



Hann heimsótti einnig Ingibjörgu og Valdimar sem hafa ættleitt tvisvar frá Kína. Þau Eysteinn Orri og Dagbjört Ósk léku á als

oddi, sýndu honum herbergin sín ásamt kínverskum gersemum.

Í heimsóknunum var fókussinn á upplifun eldra barnsins á að fara til upprunalandssins þegar fjölskyldan fór til að ættleiða það yngra.



Prófessorinn flutti einnig erindi fyrir félagsmenn sem bar nafnið **Birth country as a totem**. Fræðslan var fjölsótt og hefur vakið marga til umhugsunar um heimsóknir til upprunalanda barnanna.

Reykjavíkumaraþon

Það var í glampandi sumarsól sem hlauparar Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka héldu af stað til að efla sál sína og sinni. Íslenk ættleiðing hefur verið eitt af þeim félögum sem keppendum býðst að hlaupa fyrir með því að fá æsta aðdáendur til að heita á þá. Að þessu sinni voru það 13 hlauparar sem samtals lögðu að baki 138 kílómetra og söfnuðu 300.000 krónum.

Hlauparar félagsins voru áberandi þar sem þeir geistust áfram í glæsilegum bolum merktum félaginu. Sumir voru að hlaupa sitt fyrsta hlaup fyrir félagið en aðrir að hlaupa aftur.

Ester Ýr Jónsdóttir var að hlaupa sitt fyrsta hlaup og safnaði hún mest fyrir félagið að þessu sinni. Ester Ýr setti sér markmið að safna 50.000 krónum, en því takmarki náði hún fljótt. Hún hækkaði því markmiðið uppí 100.000 og náði því og gott betur! Ester Ýr og Sigþór maðurinn hennar ættleiddu dreng frá Tékklandi í fyrra og var það síðasta barnið sem kom heim á því ári. Fjölskyldan er ákaflega þakklát því góða starfi sem félagið vinnur og vildi Ester Ýr leggja sitt af mörkum til að styðja við starfið.

Trausti Ægisson og Hans Orri Straumland voru báðir að hlaupa sitt fimmta hlaup fyrir félagið, en þeir hafa verið fastagestir frá árinu 2012. Trausti hljóp að þessu sinni með Lovísu Lín dóttur sinni, en hún safnaði mest allra á síðasta ári.

LOKSINS ÁTTUM VIÐ VON Á BARNI

Fimmtudagurinn 29. september kl. 20:00

Hótel Hilton – salur F, Suðurlandsbraut 2

Skráning á heimasíðu Íslenskrar ættleiðingar

Fræðsla - Loksins áttum við von á barni

Ester Ýr er margt til lista lagt. Hún hleypur eins og vindurinn, safnar styrkjum fyrir félagið sitt, er afrekskona í skotfimi ásamt því að hafa verið á biðlista eftir að ættleiða barn og lifa það af án teljandi afleiðinga.

Ester Ýr Jónsdóttir og Sigþór Örn Sigþórsson ættleiddu dreng frá Tékklandi sl. vetur. Ester Ýr segir frá umsóknarferlinu, viðmóti annarra og biðinni eftir að umsókn var samþykkt úti í Tékklandi. Hún greinir frá því sem þau hjónin gerðu til að auka vellíðan í biðinni. Auk þess segir Ester Ýr frá frá dvölinni úti í Tékklandi og tímanum heima með barninu.



Fræðsla fyrir barnaverndarnefndir

Þegar umsækjendur um forsamþykki hafa skilað inn umsókn sinni til Íslenskrar ættleiðingar er hún yfirfarin af sérfræðingum félagsins og áframsend til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þar er umsóknin yfirfarin á ný og kallað eftir sakavottorðum og fæðingarvottorðum umsækjenda.

Þegar öll gögn liggja fyrir er beiðni send til barnaverndar sveitafélagsins þar sem umsækjendurnir búa, um að kanna hagi umsækjendanna og hæfi þeirra til að ættleiða erlent barn. Sýslumannsembættið óskar eftir því að barnaverndarnefndin kanni hagi umsækjenda og meti hæfni þeirra til að taka að sér erlent barn.

Á Íslandi eru 27 barnaverndarnefndir og eru þær á forræði sveitarfélaga. Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd og fundar nefndin reglulega. Nefndin styðst við umsögn félagsráðgjafa sem hefur hitt umsækjendur og kynnt sér hagi þeirra í þaua.

Umsögn félagsráðgjafans er eitt af því mikilvægasta sem fylgir umsókn til upprunalsins, þar sem ættleiðingarnefnd kynnir sér umsækjendur áður en þeir eru paraðir var barn. Talsverður munur hefur verið á umsögnunum þar sem sumar barnaverndarnefndir fá fáar umsagnir til meðferðar hjá sér. Árið 2015 voru umsækjendur frá fimm sveitarfélögum og bættust þrjú sveitarfélög við á þessu ári.

Íslensk ættleiðing hafði frumkvæði að því að óska eftir því við innanríkisráðuneytið og sýslumannsembættið að bjóða starfsmönnum barnaverndar fræðslu um málaflökkin áður en að þeir heimsækja umsækjendur. Starfsmenn barnaverndar hafa allir tekið fræðslunni mjög vel og hefur

þekking þeirra á ættleiðingarmálaflokknum aukist.

Starfsmenn félagsins hafa samband við barnavernd þegar tilkynning berst félaginu um að borist hefur beiðni frá sýslumannsembættinu til barnaverndar. Sá starfsmaður sem fær málinu úthlutað fær þá boð um fræðslu. Hyggst félagið fylgja þessu eftir á meðan barnavernd sinnir umsögnum fyrir sýslumannsembættið.



ER ÆTTLEIÐING FYRIR MIG?

Undirbúningsnámskeiðið Er ættleiðing fyrir mig? verður haldið helgina 24-25 september og 29. október. Umsækjendum um ættleiðingu er skylt samkvæmt reglugerð að sækja námskeiðið.

Námskeiðið er fyrir fólk sem er að taka fystu skrefin í ættleiðingarferlinu og er hannað til að aðstoða við að taka ákvörðun um hvort ættleiðing barns sé skuldbinding sem fólk treystir sér í. Að jafnaði stendur félagið fyrir tveimur námskeiðum á ári.

Uppselt er á námskeiðið að þessu sinni!

Næsta námskeið verður haldið í febrúar 2017.

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar Ábyrgðarmaður: Kristinn Ingvarsson

Íslensk ættleiðing
Skipholt 50b
105 Reykjavík

